

Miðvikudaginn 19. október 1977.

Nr. 216/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Jónssyni

(Guðrún Erlendsdóttir hrl.).

Ávana- og fíknilyf. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóminn kvað upp Arnar Guðmundsson, fulltrúi dómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Ákæruefnum á hendur ákærða er réttilega lýst í hinum áfrýjaða dómi, og varða brotin við refsíákvæði þau, sem þar eru greind, en vísun til 2. fl. 5. gr. almennra hegningarlaga er þó ofaukið. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald, en 14 daga gæsluvarðhaldsvist komi refsingu hans til frádráttar, shr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku svo og um greiðslu sakarkostnaðar ákærða eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, sæti 3 mánaða varðhaldi, en 14 daga gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og greiðslu sakarkostnaðar ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og

málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanss, 50.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 28. nóvember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. okt., var höfðað með ákæru-skjali ríkissaksóknara, dags. 15. ágúst sl., á hendir:

1. Gestir Arnarsyni, Bugðulæk 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. apríl 1956.
2. Gunnari Jónssyni, Staðarbakka 16, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. júlí 1953.
3. Oddi Guðjóni Péturssyni, Meistaravöllum 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 7. apríl 1956, og
4. Sigurgeir Arnarsyni, Laugarnesvegi 44, Reykjavík, fæddum þar í borg 24. janúar 1953, öllum fyrir að hafa brotið gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf með eftirgreindum hætti:

I.

„Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa fyrri hluta aprílmánaðar 1975 sammælt um að afla sér fíkniefna (kannabis) með innflutningi og síðan selja það hérlandis með hagnaði og lagt þannig fram fé í sameiningu, sem var andvirði danskra króna 7.600.00—7.800.00. Lögðu ákærðu Gunnar og Sigurgeir fram stærstu hlutina, en hinir minna. Talsverðu af fénu skiptu þeir hér á landi fyrir erlendan gjaldmiðil. Ennfremur buðu ákærðu stúlkunni Önnu Óskarsdóttur að leggja fram fé, og lagði hún fram ísl. kr. 22.000.00, en vissi að öðru leyti ekki um innflutnings og söluáform ákærðu. Ákærðu fengu smíðaða tvo stálhólka, hola að innan, sem ákærði Gunnar fór með ásamt fé þeirra utan flugleiðis 12. apríl 1975. Keypti hann síðan 500 grömm af kannabisefni í Kaupmannahöfn fyrir danskar kr. 10.50—10.75 hvert gramm, en fékk síðan kunningja sínum í Odense afgang peninganna til að kaupa viðbótarmagn og stálhólkana til að senda allt efnið í til Íslands. Sá sendi síðan 16. apríl hólkana með efninu í í trékassa, merktum Sigurgeir Arnarsyni. Sendingin var stöðvuð á tollpóststofu í Reykjavík, og reyndist efnið vera 654.4 grömm af hassi.“

II.

„Ákærða Gunnari Jónssyni er gefið að sök að hafa keypt fyrir meðákærða Odd Guðjón 7.6 grömm af kannabisefni (hassi) í

Genf fyrir um 20 svissneska franka og sent honum efnið í bréfi til Íslands 31. maí 1975.“

III.

„Ákærða Oddi Guðjóni Péturssyni er gefið að sök að hafa fengið meðákærða Gunnari í hendur allt að kr. 5.000.00 til kannabis-kaupa erlendis og fengið þannig send frá honum 7.6 grömm af hassi í bréfi, sem póstlagt var í Genf 31. maí 1975. Sendingin var stöðvuð á tollpóststofu í Reykjavík.“

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að þola upptöku á hólum þeim, sem fíkniefnið var flutt í til landsins, svo og á 654.4 grömmum af kannabisefni (hassi), sem hald var lagt á, í samræmi við fjárframlög hvers og eins til kaupanna, ennfremur ákærði Oddur Guðjón til að þola upptöku á 7.6 grömmum af kannabisefni (hassi), sem hald var lagt á, allt samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974, svo og verði ákærðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru allir sakhæfir og hafa sætt refsingum hér á landi, nánar svo:

1. Gestur Arnarson:

- 1972 6/8 Vestmannaeyjar: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
 1975 3/1 Reykjavík: Ávana- og fíkn. Áminning fyrir brot á 3., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974.

2. Gunnar Jónsson:

- 1969 Reykjavík: Uppvís að brotum á 155. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.
 1969 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.
 1970 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 26. ágúst 1970.
 1971 Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 77/1970, sbr. reglugerð nr. 257/1969.
 1974 9/5 Ávana- og fíkn. Sátt, 11.000 kr. sekt fyrir brot á 5. gr. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. að hluta 20. gr. hegningarl. með lögjöfnun.

- 1974 15/7 Reykjavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot á 5. og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 24/3 1974.
- 1975 24/1 Ávana- og fíkn. Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 3., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga 19/1940.

3. Oddur Guðjón Pétursson:

- 1974 22/5 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 26., 37., 49. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1975 6/1 Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 38.000 kr. sekt fyrir brot á 3., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974.

4. Sigurgeir Arnarson:

- 1973 29/5 Reykjavík: Kærður fyrir brot á lögum nr. 77/1970. Sekt sérst. dómara, ávana- og fíkniefnamál.
- 1975 9/1 Reykjavík: Dómur: 40.000 kr. sekt fyrir brot á 3., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

Málavextir.

Þann 23. apríl 1975 mætti ákærði Sigurgeir Arnarson á tollpóststofu í Reykjavík til að sækja pakka, sendan frá Odense, sem hann átti samkvæmt tilkynningu, er hann fékk í pósti fyrr um morguninn. Er afgreiðslumaður tollpóststofu ætlaði að afhenda ákærða Sigurgeir pakkann, en sá sagðist aðspurður ekki hafa faktúru, fengu tollverðir pakkann til nánari athugunar. Kom þá í ljós, að pakkinn, sem var tæp 20 kg að þyngd, hafði að geyma 2 stálsívalninga með hreyfanlegum haus, og í sívalningum þessum var brúnleitt efni, sem talið var kannabis. Ákærði Sigurgeir lýsti yfir því, að hann þekkti ekki tilgreindan sendanda, Kjeld Jensen, Mosegårdsvej 11, 5000, Odense, Danmark, og hafi ekki átt sendingar von, og létu tollverðir hann að svo búnu fara, en sögðust senda pakkann réttum aðiljum.

Upplýsingar bárust sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, er gögn voru send þangað sama daginn, og var ákærði Sigurgeir þá kallaður til yfirheyrslu. Ekki kvaðst hann geta svarað neinum spurningum þennan pakka varðandi og ítrekaði, að hann þekkti ekki tilgreindan sendanda eða vissi fyrir víst um innihald pakkans. Hann viðurkenndi aðspurður að hafa farið til Odense í Danmörku sumarið 1973 og dvalist þar um 3 mánaða skeið og meðal

annars unnið hjá rafmagnsmótorafyrirtæki ásamt félagi sínum Gunnari Jónssyni. Þeir hafi nokkuð umgengist danska unglinga, en þá í svipinn mundi hann ekki nöfn þeirra og kvaðst ekki hafa skrifast á við neinn af þeim.

Strax og rannsókn máls þessa hófst, voru upplýsingar sendar dönskum lögregluyfirvöldum með fjarritaorðsendingu og óskað aðstoðar varðandi uppruna sendingar.

Að lokinni yfirheyrslu yfir ákærða Sigurgeir var hann látinn fara, enda taldi dómari ekki nægileg rök til gæsluvarðhaldsúrskurðar eins og mál bar að og enda höfðu þá engin svör borist frá dönskum lögregluyfirvöldum auk þess sem ákærði Gunnar Jónsson fannst ekki þrátt fyrir ítrekaða leit lögreglu.

Nokkrum dögum seinna, eða 29. apríl, mætti ákærði Sigurgeir enn í rétti og þá án boðunar og lagði fram bréf, sem hann hafði fengið hraðsent frá Kaupmannahöfn fyrr um daginn. Taldi hann bréfið, sem var pósthimplað í Kaupmannahöfn 27. apríl, vera skýringu á sendingu þeirri, sem áður getur. Ákærði Sigurgeir sagðist kannast við sendanda bréfsins, Egon flatnæse, frá því í Odense 1973. Samkvæmt bréfi það Egon þessi ákærða Sigurgeir að móttaka pakka og varðveita, þar til hann ásamt unnustu sinni millilenti hérlandis á leið til New York í júnímánuði. Jafnframt segir í bréfi, að ákærða Sigurgeir verði greiddur allur kostnaður, sem kunni af þessu að leiða. Ákærði Sigurgeir sagði bréf þetta það fyrsta og eina, sem hann hefði heyrt frá Egon áður nefndum síðan 1973.

Þann 30. apríl náðist til ákærða Gunnars Jónssonar, og var hann yfirheyrður í dómi sem vitni. Kvaðst hann hafa haldið til Odense í nóv. 1972 og dvalist þar fram í sept. 1973 og meðal annars unnið á tímabilinu við framleiðslu rafmagnsmótora hjá fyrirtæki, sem heiti Trige-Ti-Tan. Sumarið 1973 hafi þar meðal annars starfað með sér kunningi og félagi, Sigurgeir Arnarson. Sagði hann þá Sigurgeir töluvert hafa verið samskiptum við danska unglinga og nafngreindi nokkra í því sambandi. Hann sagðist jafnframt hafa vitað, að Sigurgeir hefði þá skömmu áður fengið pakka frá Odense, og taldi ákærði Gunnar sig vita um innihald hans, en kvaðst enga skýringu geta gefið.

Næstu vikur hélt rannsókn málsins áfram og þá í samvinnu við dönsk lögregluyfirvöld. Samkvæmt gögnum frá þeim var tilgreindur sendandi, Kjeld Jensen, yfirheyrður af lögreglu í Odense, og kannaðist hann ekki við sendingu, og ekkert kom fram í framburði hans, sem ástæða var til að rengja. Í lok júlí bárust frá

Danmörku upplýsingar þess efnis, að vegna framburða starfsfólks í pósthúsi í Odense við rannsókn máls hefði Gunnar Jónsson, þá þar dveljandi, verið handtekinn og meðal annars játað sinn þátt í hasssendingu hingað til lands í stálsívalningum s. n. Jafnframt hefði hann nafngreint hlutdeildarmenn í því máli. Auk þess sagði, að ákærði Gunnar hafi lýst samskiptum sínum með fíkniefni við ýmsa danska unglinga. Samkvæmt upplýsingum ætluðu dönsk yfirvöld að senda ákærða Gunnar hingað til lands 7. ágúst. Þann dag var dómsrannsókn fram haldið hér fyrir dómi og þá yfirheyrðir þeir aðiljar, sem Gunnar hafði nafngreint í dönskum skýrslum.

Verða nú málavextir raktir samkvæmt sjálfstæðum framburðum aðilja.

Í byrjun apríl 1975 sammæltust ákærðu Gunnar Jónsson og Sigurgeir Arnarson um að flytja hingað til lands hassefni frá Danmörku og selja það hérlandis í hagnaðarskyni og þá til varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Ákveðið var að renna til og bora hola að innan stálsívalninga og flytja efnið í þeim hingað til lands. Fengu þeir kunningja sinn Finnboga Kristinsson til að renna sívalningana. Verkið framkvæmdi Finnbogi í Stálhúsgögnum við Skúlagötu, en það fyrirtæki rekur faðir ákærða Gunnars. Aðiljum ber saman um, að Finnbogi hafi vitað, til hvers átti að nota sívalningana, en hann vildi ekki bora þá, og var það gert í vélsmiðjunni Héðni.

Ferð og innkaup voru fjármögnuð þannig, að ákærði Sigurgeir og Gunnar seldu hvor um sig 75 þúsund kr. víxil í Landsbanka Íslands og notuðu andvirðið til ferðar, en jafnframt lögðu þeir báðir eitthvað fram þar að auki. Telur ákærði Sigurgeir sig hafa bætt við 10—15 þúsund kr. Síðar var meðákærðu Oddi Guðjóni Péturssyni og Gestu Arnarsyni boðið að vera með í samskotum og jafnframt stúlkunni Önnu Óskarsdóttur. Ákærðu ber ekki saman um framlög hvers og eins til kaupanna. Ákærði Oddur kvaðst hafa lagt fram í mesta lagi um 30 þúsund kr. og þar af 100 \$. Ákærði Sigurgeir, sem tók við framlögum aðilja, taldi, að ákærði Oddur hefði lagt fram 40—50 þúsund kr. og þar af helminginn í erlendum gjaldeyri. Ákærði Gunnar taldi, að ákærði Oddur hefði lagt fram 30—40 þúsund kr. Ákærði Gestur kvaðst hafa lagt fram 20 þúsund kr., en samkvæmt framburði ákærða Sigurgeirs vissi hann ekki nákvæmlega framlag ákærða Gestu, en taldi það vera eitthvað minna en ákærða Odds. Anna kvaðst hafa

lagt fram kr. 22 þúsund, og er það samkvæmt því, sem ákærði Sigurgeir telur, en ekki kvaðst hún hafa átt allt þetta fé sjálf.

Tilgangur þessara hasskaupa var sem áður greinir að selja efnið í hagnaðarskyni, og samkvæmt framburðum aðilja hafa þeir ákærðu Sigurgeir, Gunnar og Oddur rætt slíkt og nánar, að efni skyldi selt á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Gunnar sagði ákærða Odd hafa verið tilbúinn með kaupendur efnisins. Ákærði Oddur viðurkenndi að hafa ætlað fyrir sína hönd og hinna að sjá um sölu á ca helming efnisins á Keflavíkurflugvöll. Ekki kvaðst hann þekkja milliliði til slíkrar sölu, en taldi sig geta annast hana miðað við sögusagnir, sem hann hefði heyrt um menn, sem slíkt stunduðu. Ekki ber framburðum fyllilega saman um, hvort ákærði Gestur hafi tekið þátt í þessum umræðum um sölu efna, og hann hefur neitað að hafa ætlað að gera annað við sitt efni en nota það sjálfur. Áðurnefnd Anna naut þeirrar sérstöðu, að hún vissi ekki um samskotaaðilja aðra en Sigurgeir, og ekki vissi hún, hvernig eða hvaðan efnið kæmi.

Áður en ákærði Gunnar hélt utan til útvegunar efna, var mestu samskotafénu skipt yfir í erlendan gjaldeyri, og annaðist ákærði Oddur þau skipti með þeim hætti, að hann fékk kunningja sinn Róbert til að skipta eða öllu heldur lána 900 \$ fyrir íslenskt fé. Ætlunin var að greiða Róbert aftur erlendan gjaldmiðil til baka.

Samkvæmt framburði ákærða Gunnars hélt hann flugleiðis til Kaupmannahafnar þann 12. apríl og þá með margnefnda stál-sívalninga, en auk farmiða var hann með handa á milli 1.000 kr. danskar og 1.200 \$. Síðarnefndri mynt skipti hann í tveimur bönkum í Kaupmannahöfn og var þá samtals með til ráðstöfunar 7.600—7.800 kr. danskar. Skömmu eftir komu til Kaupmannahafnar komst hann eftir ábendingu í kynni við danskan pilt, sem bjó í Christianíu með norski stúlku. Nefndur piltur átti nóg af kannabísefnum, og segist ákærði Gunnar hafa séð í íbúð hans 8—10 kg. Ekki var efnið að sama skapi góð vara, en Gunnar keypti af honum 500 gr. og greiddi kr. 10.50 eða 10.75 danskar fyrir hvert gramm. Eftir innkaup dvaldist hann eina nótt í Kaupmannahöfn, ránar á Hótel Hebron, en hélt þarnaesta dag með sívalninga og efni til Odense og hitti þar danskan kunningja sinn, Jan Askov. Áður höfðu þeir ákærðu Gunnar og Sigurgeir samkvæmt framburði Sigurgeirs talið öruggara, að fíkniefni yrðu send til Íslands frá Odense, en ekki Kaupmannahöfn. Í Odense reyndu þeir ákærði Gunnar og Jan Askov ítrekað að kaupa viðbótarefnismagn,

en tókst ekki. Samkvæmt framburði ákærða Gunnars fór hann ferð þessa án vitundar foreldra og vildi því vera sem skemmstan tíma. Hélt hann því frá Odense 16. apríl og kom flugleiðis frá Kaupmannahöfn hingað til lands sama daginn. Áður fól hann fyrrnefndum Askov að ljúka erindi með því að kaupa viðbótar-efnismagn, er nægði til að fylla sívalningana, ganga síðan frá þeim í trékassa með fölsuðu fylgibréfi og póstleggja á nafn Sigurgeirs Arnarsonar. Vegna efniskaupa og sendingarkostnaðar telur ákærði sig hafa látið Askov í té 2.500—3.000 kr. danskar, og fremur þó lægri töluna. Síðar kveðst ákærði hafa skrifað Askov og samkvæmt því beðið hann að senda sér afgang fjár til Frakklands. Hafi sér borist bréflega 750 kr. danskar frá Askov í lok maí.

Samkvæmt dönskum gögnum kemur fram, að Jan Askov var handtekinn og færður til yfirheyrslu 28. júlí 1975. Strax við fyrstu yfirheyrslu viðurkenndi hann hlutdeild sína í málinu, það er að hafa 16. apríl 1975 frá pósthúsi í Odense sent kassa, sem innihélt hass í stálsívalningum, til Sigurgeirs Arnarsonar og hafi allt verið gert samkvæmt tilmælum ákærða Gunnars Jónssonar. Jafnframt viðurkenndi Askov að hafa áður tekið við um 2.500 kr. dönskum frá Gunnari og keypt viðbótarefni til framsendingar.

Sem áður getur dvaldist ákærði Gunnar í Frakklandi í maí-mánuði, en þar var hann að heimsækja unnustu sína, sem var við nám. Á leiðinni þangað hafði hann komið við í Genf og keypti þar tæplega 10 gr. af hassi fyrir 20 svissneska franka og sendi efnið í pósti til meðákærða Odds Guðjóns Péturssonar þann 31. maí. Þetta gerði ákærði Gunnar samkvæmt tilmælum ákærða Odds, sem samkvæmt framburði ákærða Gunnars hafði látið hann fá 5.000 kr. til nefndra kaupa. Ákærði Oddur hefur viðurkennt að hafa látið ákærða Gunnar fá peninga til útvegunar hassefna. en telur féð hafa verið milli 3 og 4 þúsund kr. Ákærði Oddur sagðist hafa vitað, að bréf hafi borist, en ekki sótt það vegna grunsemda um, að upp hefði komist. Svo var reyndar, þar sem bréf var stöðvað í pósti vegna grunsemda um innihald þess, en í dómi þann 7. ágúst opnaði ákærði Oddur bréfið samkvæmt beiðni dómara og viðurkenndi hlut sinn það varðandi. Bréfið reyndist innihalda brúnleitt efni, 7.6 gr að þyngd, og samkvæmt lykt og útliti er það talið kannabis.

Varðandi bréf það, sem áður getur og ákærði Sigurgeir færði í dóm 29. apríl, ber aðiljum saman um, að ákærði Gunnar hafi samið það bréf, en ákærði Sigurgeir fengið það hreinritað og ákærði Oddur fengið kunningja sinn, áðurnefndan Róbert, til að

póstleggja það í Kaupmannahöfn, enda sá á þeim tíma verið á för-
um utan. Tilgangur þessa bréfs hafi eingöngu verið sá að villa um
varðandi rannsókn málsins.

VARNARÁSTÆÐUR OG ÖNNUR GÖGN.

Efni í stálsívalningum var tvenns konar, og var sýni af hvoru
um sig sent til Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands
til efnagreiningar. Sýni voru merkt nr. 97 a og 97 b og vögu hvort
um sig 0.4 gr. Matsgerðir eru undirritaðar af prófessor Þorkeli
Jóhannessyni fyrir hönd Rannsóknastofu í lyfjafræði, og í mats-
gerð nr. 198, sem dagsett er 29. apríl 1975, segir svo:

„Rannsóknastofunni hefur borist til rannsóknar með tilliti til
kannabis sýni merkt nr. 97 a, sbr. bréf lögreglustjórans í Rvík.,
sem dagsett er 25/4 1975.

Við smásjárskoðun mátti greina kirtilhár, sem einkennandi eru
fyrir kannabis sativa, og litarpróf fyrir kannabínólum gaf jákvæða
svörun. Við gasgreiningu á súlu mátti enn fremur greina tetra-
hydrókannabínól.

Sýnið var þannig samkvæmt framansögðu kannabis.

Sýnið var allt notað við þessar rannsóknir.“

Í matsgerð nr. 199, sem einnig er dagsett 29. apríl 1975, segir
svo:

„Rannsóknastofunni hefur borist til rannsóknar með tilliti til
kannabis sýni nr. 97 b, sbr. bréf lögreglustjórans í Rvík., sem dag-
sett er 25/4 1975.

Við smásjárskoðun mátti greina kirtilhár, sem einkennandi eru
fyrir kannabis sativa. Litarpróf fyrir kannabínólum gaf jákvæða
svörun, og við gasgreiningu á súlu mátti greina tetrahydrókanna-
bínól.

Sýni var því samkvæmt framansögðu kannabis.

Sýnið var allt notað við rannsóknir þessar.“

Samkvæmt fjarritaorðsendingu, sem barst 25. júlí 1975, kemur
fram, að ákærði Gunnar Jónsson var handtekinn 23. júlí í Dan-
mörku og úrskurðaður í gæsluvarðhald næsta dag. Þegar rann-
sókn var lokið þar og meðal annars á samskiptum hans með fikni-
efni við danska unglinga, var hann látinn laus og framsendur
hingað til lands þann 7. ágúst sl.

Í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms í ávana- og fíkniefnamál-
um, er mál þetta var sent til dómsmeðferðar samkvæmt ákæru,
segir meðal annars svo: „Hvað varðar Önnu Óskarsdóttur, þá er
farið fram á, að hennar þáttur í málinu verði rannsakaður frekar,

þar sem enn liggur ekki fyrir frá hverjum hún tók við fé, sem hún lagði fram til hasskaupa Gunnars Jónssonar í Danmörku.“

Sá þáttur málsins var rannsakaður frekar fyrir dómi, og að þeirri rannsókn lokinni þann 17. sept. féllst Anna Óskarsdóttir á að ljúka máli sínu með dómssátt í formi sektar. Jafnframt og sama dag féllst Jón Sturla Axelsson á að ljúka sínum þætti máls með dómssátt, en hann hafði lagt Önnu Óskarsdóttur til fé vegna kannabis útvegunar.

Efni það, sem var í stálsívalningunum, var tvenns konar sem áður greinir, og samkvæmt vigtun, sem framkvæmd var á skrifstofu ÁFD, reyndist önnur tegundin vera 615.4 gr, en hin 39 gr. Sem áður greinir voru samtals 0.8 gr send sem sýni til efnagreiningar.

Lögmaður allra ákærðu, Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður, gerir í skriflegri vörn eftirfarandi kröfur:

1. Að allir hinir ákærðu verði dæmdir í vægustu refsingu, sem lög heimila fyrir brot þau, sem þeir eru ákærðir fyrir og ef dæmd verður refsivist, að hún verði höfð skilorðsbundin.

2. Að tildæmdur verði málskostnaður að skaðlausu.

NIÐURSTÖÐUR.

Um ákærulið 1.

Sannað þykir með sjálfstæðum játningum allra ákærðu hvers um sig, Gests Arnarsonar, Gunnars Jónssonar, Odds Guðjóns Péturssonar og Sigurgeirs Arnarsonar, að þeir hafi sem í ákæru greinir sammælst í byrjun apríl 1975 um að afla sér kannabis með innflutningi frá Danmörku og þannig lagt fram í sameiningu fé, sem var andvirði danskra kr. 7.600 til 7.800 að meðtöldu framlagi Önnu Óskarsdóttur. Annað það, sem greinir í þessum ákærulið, telst nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins, utan að gegn neitun ákærða Gests telst ekki sannað, að hann hafi ætlað sinn hluta efnismagns til sölu, og verður hann sýknaður af því ákæruatriði.

Um ákærulið 2.

Samkvæmt eigin framburði ákærða Gunnars Jónssonar, sem studdur er öðrum gögnum málsins, telst nægilega sannað, að hann hafi keypt fyrir meðákærða Odd Guðjón 7.6 gr af kannabisefni í Genf fyrir um 20 svissneska franka og sent honum efnið í bréfi til Íslands 31. maí 1975.

Um ákærulið 3.

Samkvæmt eigin framburði ákærða Odds Guðjóns Péturssonar, sem studdur er öðrum gögnum málsins, telst nægilega sannað, að hann hafi fengið meðákærða Gunnari í hendur fé til kannabis-kaupa erlendis og fengið þannig send frá honum 7.6 gr af kannabis í bréfi, sem póstlagt var í Genf 31. maí 1975. Ekki þykir alveg nægilega sannað, að Oddur hafi afhent Gunnari nema 3.000 kr.

Að öllu ofangreindu athuguðu og virtu þykja allir ákærðu hafa brotið gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. að nokkru 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og því hafa unnið til refsingar.

Við ákvörðun refsingar er meðal annars litið til þess, að um ítrekuð fíkniefnabrot er að ræða hjá öllum ákærðu og margítrek- að hjá ákærða Gunnari Jónssyni, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jafnframt er refsing ákærðu Gunnars Jónssonar og Odds Guðjóns Péturssonar ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt ofansögðu telst refsing ákærðu hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði Gestur Arnarson greiði kr. 60.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gunnar Jónsson sæti fangelsi í 50 daga. Sem áður greinir sætti ákærði Gunnar gæsluvarðhaldi í Danmörku vegna rannsóknar. Er samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að vist þessi, samtals 14 dagar, verði dregin frá refsingu hans.

Ákærði Oddur Guðjón Pétursson greiði kr. 115.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurgeir Arnarson sæti fangelsi í 50 daga.

Krafist er, að ákærðu verði dæmdir til að þola upptöku á hólku- um þeim, sem fíkniefni var flutt í til landsins, svo og á 654.4 gr af kannabis, sem hald var lagt á í samræmi við fjárframlög hvers og eins til kaupanna, og enn fremur að Oddur Guðjón Pétursson þoli upptöku á 7.6 gr af kannabis, sem hald var lagt á, allt skv. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Með vísan til þess, sem áður getur um þyngd hassefna og að

0.8 gr fóru forgörðum við efnagreiningu, þykir rétt samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 að gera upptækt til ríkissjóðs eftirfarandi:

- 1) 653.6 gr af hassi.
- 2) 7.6 gr af meintu kannabis.
- 3) 2 stálhólkar.

Dæma ber ákærðu samkvæmt 141. gr. og 142. gr. laga nr. 74/1974 að greiða sakarkostnað þannig:

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 48.000.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gestur Arnarson greiði í sekt kr. 60.000 til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gunnar Jónsson sæti fangelsi í 50 daga. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, 14 dagar.

Ákærði Oddur Guðjón Pétursson greiði í sekt kr. 115.000 til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurgeir Arnarson sæti fangelsi í 50 daga.

Upptæk eru ríkissjóði til handa samtals 661.2 gr af kannabis og tveir stálhólkar.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 48.000.